

Áherslur umhverfis ráðherra

Þórunn Sveinbjarnardóttir
2007

Ágæti lesandi



Í höndunum hefur þú bækling sem birtir sýn mína á helstu verkefni í ráðuneyti umhverfismála á kjörtímabilinu 2007 til 2011. Með þessum hætti vil ég gefa fólki á öllum aldri tækifæri til þess að kynna sér áherslur mínar í umhverfismálum. Þegar upp er staðið getur upptalning sem þessi einnig nýst sem mælistika á árangur, auk þess að veita aðhald í daglegum störfum.



Úrlausnarefnin á sviði umhverfismála eru hvort tveggja í senn, brýn og margslungin. Hversdagsleg störf eins og það að fara út með ruslið gefa okkur færi á að breyta rétt gagnvart umhverfinu. Stærri ákvarðanir eins og t.d. hvers konar samgöngur við notum eru ekki síður dæmi um val sem hvert okkar stendur frammi fyrir. Það er í okkar höndum, hvers og eins, að sjá til þess að líf okkar og neysla stuðli að minni mengun, betri nýtingu auðlinda og bjartri framtíð fyrir afkomendur okkar. Það er á ábyrgð stjórnvalda hverju sinni að búa svo í haginn fyrir almenning að grænu kostirnir séu nærtækir og hagkvæmir.



Ég vona að lestur þessa bæklings vekir fólk til umhugsunar og góðra verka fyrir umhverfið og okkur sjálf. Framtíðin er í okkar höndum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir



Loftslagsbreytingar

Brýnasta úrlausnarefni mannkyns á okkar dögum er að draga úr loftslagsbreytingum af manna völdum. Þar á Ísland að vera í fararbroddi. Ljóst er að í alþjóðlegum viðræðum um nýtt hnattrænt samkomulag, sem taki við eftir gildistíma Kýótó-bókunarinnar árið 2012, verður gerð krafa um minni losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Nauðsynlegt er að búa sig undir þá kröfu á ábyrgan hátt og þurfa allir, bæði stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur, að leggja sitt af mörkum í því efni. Stjórnvöld hafa samþykkt stefnumörkun í loftslagsmálum en hún gerir ráð fyrir að nettólosun gróðurhúsalofttegunda minnki um 50-75% til ársins 2050 miðað við nettólosun árið 1990.

Ég mun beita mér fyrir eftirfarandi aðgerðum til að ná þessu marki:

- * Stórefla starf að loftslagsmálum og vinna ítarlega áætlun um hvernig Ísland getur staðið við væntanlegar framtíðarskuldbindingar alþjóðasamninga á sem bestan og hagkvæmastan hátt. Setja þarf tölusett og tímasett markmið fyrir hina ýmsu geira samfélagsins þar sem losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað.
- * Beita hagrænum hvötum til að draga úr notkun mengandi eldsneytis í samgöngum, hvetja til orkusparnaðar í sjávarútvegi og minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði.
- * Efla fræðslu til almennings um loftslagsmál og leiðir til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.
- * Móta reglur til að gera viðskipti með losunarheimildir möguleg.
- * Styðja viðleitni sveitarfélaga til að efla almennings-samgöngur í þéttbýli, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu.
- * Efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi til að afstýra hættulegum loftslagsbreytingum og kynna um leið íslenska tækni til að nýta endurnýjanlega orku.
- * Hvetja ráðuneyti og ríkisstofnanir til að taka í notkun vistvænar bifreiðar, s.s. metanbíla, rafmagnsbíla og tvíorkubíla með það að markmiði að fyrir árslok 2012 verði a.m.k. helmingur bíla á vegum ríkisins knúinn vistvænni orkugjöfum en nú.

Sjálfbær þróun og neytendur

Við framleiðslu á nauðsynja- og munaðarvörum er oft og tíðum gengið á auðlindir jarðar. Fjöldaframleiðsla og neysla geta valdið mengun og náttúruspjöllum. Þess vegna er mikilvægt að auðvelda öllum að stjórna neyslu sinni í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar – þróunar sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Ég mun beita mér fyrir því að auðvelda neytendum að velja leiðir sem stuðla að sjálfbærri nýtingu og draga úr sóun verðmæta með því að:

- * Efla áhuga og auka framboð á umhverfismerktum vörum og þjónustu í samvinnu við kaupmenn og neytendur. Viðurkennd umhverfismerki auðvelda neytendum að finna umhverfisvæna vöru og þjónustu. Merkin tryggja að vara hefur staðist strangar umhverfiskröfur og verið gæðaprófuð.
- * Ráðuneyti og ríkisstofnanir verði í forystu á sviði vistvænna innkaupa og í skipulögðu umhverfisstarfi.
- * Stuðla að því að draga úr sorpi frá heimilum og fyrirtækjum, bæta flokkun úrgangs og auka endurnýtingu hans.
- * Auka ábyrgð þeirra sem dreifa fjölpósti á kostnaði við söfnun og förgun úrgangs vegna fjölpósts en hann hefur aukist um 76% frá árinu 2003.
- * Hvetja til aukinnar notkunar sparpera en þær nota aðeins um fjórðung þeirrar raforku sem venjuleg glópera krefst og endast átta sinnum lengur.
- * Draga úr notkun plastpoka hér á landi en Íslendingar nota um 30 milljónir slíkra poka á ári.
- * Lögfesta umhverfisábyrgð en þar með er mengunarvaldur gerður ábyrgur fyrir umhverfistjóni og jafnframt skyldaður til að greiða fyrir aðgerðir til að koma í veg fyrir og bæta tjón á umhverfinu.

Náttúruvernd og auðlindir

Mikilvægt er að styrkja stöðu náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi. Tímabært er að rétta hlut náttúruverndar sem farið hefur halloka gagnvart hagsmunum stóriðju. Á undanförnum árum hafa Íslendingar deilt harkalega um vernd og nýtingu náttúru landsins. Sérstæð náttúra er auðlind sem getur skapað þjóðinni mun meiri varanleg verðmæti en önnur nýting ef rétt er á haldið. Náttúruvernd er því ein tegund landnýtingar sem þarf að fá aukið vægi. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða og auðlinda.

Á sviði náttúruverndar mun ég beita mér fyrir eftirfarandi:


- * Að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 2009. Tryggt verði að mikilvægum svæðum verði ekki raskað meðan unnið er að heildstæðri flokkun allranýtingarkosta.
- * Vinna landsskipulagsáætlun sem feli m.a. í sér heildstæða stefnumótun stjórnvalda fyrir miðhálandi Íslands. Þessi stefnumótun verði undirstaða skipulagsvinnu á hálandinu.
- * Stækka friðlandið í Þjórsárverum þannig að allt votlendi þeirra verði innan friðlandsmarka.
- * Endurskoða náttúruverndarlög til að treysta verndarákvæði laganna og almannarétt. Leggja aukinn kraft í undirbúning og framkvæmd náttúruverndaráætlunar í því skyni að styrkja náttúruvernd á Íslandi.
- * Ljúka gerð landsáætlunar um líffræðilega fjölbreytni og efla kortlagningu og vöktun á lífríkinu.
- * Renna styrkari stoðum undir vernd dýra hér á landi m.a. með því að endurskoða dýraverndarlög og ákvæði laga um friðun villtra dýra.
- * Vanda undirbúning við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs í hvívetna en hann verður stærsti þjóðgarður í Evrópu. Jökulsá á Fjöllum, Kreppa og Langisjór verði hluti Vatnajökulspjóðgarðs sem fyrst.
- * Koma í veg fyrir akstur utan vega í náttúru Íslands. Gefið verði út kort yfir þá vegi sem heimilt er að aka um og þeir merktir. Fræðsla verði eflað og eftirlit aukið.
- * Styrkja hlutverk landgræðslu og skógræktar í því skyni að stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta vistkerfi og binda kolefni.
- * Efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríkið í hafinu. Unnið verði að því að fjölga verndarsvæðum í hafinu með hliðsjón af náttúruverndarlögum
- * Innleiða vatnatilskipun Evrópusambandsins í íslensk lög.

Lýðræði og fræðsla

Virkt lýðræði og almenningsfræðsla eru nauðsynlegar undirstöður öflugrar umhverfisverndar. Réttur almennings til að nálgast upplýsingar um umhverfi sitt hefur verið bættur og í auknum mæli er tekið tillit til hans. Enn vantar talsvert á að nýttir séu kostir virkrar þátttöku almennings og félagasamtaka við undirbúning ákvarðana í umhverfismálum. Brýnt er að bæta úr því.

Í þeim tilgangi mun ég leggja áherslu á að:

- * Fullgilda Árósasamninginn og auka möguleika almennings og félagasamtaka til þátttöku við undirbúning ákvarðana á sviði umhverfismála.
- * Efla samstarf við sveitarfélög og frjáls félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar.
- * Gera félagasamtökum betur kleift að leita sérfræðiaðstoðar við að gera athugasemdir og veita umsagnir um skipulags- og umhverfismál. Þannig geta þau veitt nauðsynlegt aðhald og gegnt eftirlitshlutverki sínu betur en nú er.
- * Skipuleggja almenningsfræðslu um umhverfismál í samvinnu við frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök.
- * Veita almenningi aukin tækifæri til að hafa áhrif á þróun laga og reglugerða. Vefurinn verði nýttur til að kynna lög og reglugerðir sem unnið er að í umhverfisráðuneytinu.
- * Auka framboð kennsluefnis um umhverfismál fyrir grunn- og framhaldsskóla.



www.umhverfisraduneyti.is